

Greiðsluráð

Fundargerð

10. apríl 2024

Fundurinn hófst kl. 13.30

Fundinn sátu:

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri, formaður greiðsluráðs

Gunnar Jakobsson varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika

Sigríður Dís Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Greiðsluveitunnar

Selma Hafliðadóttir frá Greiðsluveitunni

Eftirtaldir fulltrúar aðila að greiðsluráði

Steinar Örn Steinarsson frá fjármála- og efnahagsráðuneyti

Gunnlaugur Jónsson frá Fjártækniklasanum

Breki Karlsson frá Neytendasamtökunum

Jón Helgi Einarsson frá Reiknistofu bankanna

Yngvi Örn Kristinsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja

1. Ávarp seðlabankastjóra

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri setti fundinn og ræddi í upphafi um vettvanginn, erindi hans og opnaði á umræður um hvort fulltrúar teldu sig hafa gagn af starfseminni.

Gunnlaugur (FTK) og Breki (NS) kváðust telja að vettvangurinn væri mikilvægur og benti Gunnlaugur á að starfsemi greiðsluráðs hefði líklega haft sitt að segja í tengslum við hugmyndir og umræður um innlenda óháða smágreiðslulausn.

Aðrir fulltrúar tóku undir það að greiðsluráð skipti máli og að starfsemi væri gagnleg til að miðla upplýsingum og auka skilning.

Rætt var um hvernig mætti gera vettvanginn gagnvirkari. Yngvi Örn (SFF) áréttaði að hagsmunir þátttakenda greiðsluráðs væru ólíkir og sagði áhugavert að heyra hvað aðrir væru að sýsla og jafnvel fá kynningar frá utanaðkomandi aðilum.

Rætt var um að fulltrúar gætu sent inn hugmyndir sínar, t.d. tillögur um kynningar á starfsemi eða verkefnum sem tengjast greiðslumiðlun og tengdum málefnum.

Ásgeir Jónsson fjallaði því næst um áform um innlenda óháða smágreiðslulausn og þá útfærslu sem til skoðunar er í vinnuhópi framtíðarvettvangs. Með þeirri útfærslu verða innviðir sem eru þegar til staðar nýttir og í reynd fælist ekki í því mikill auka kostnaður. Það væri sjaldgæft að geta aukið viðnámsprótt án þess að við það myndaðist umtalsverður kostnaður.

Einnig vísaði hann til frumvarps forsætisráðherra sem væri til umfjöllunar á Alþingi. Kvað hann umræður og umsagnir um það frumvarp að sumu leyti hafa valdið vonbrigðum þar sem þær líta framhjá heildarhagsmunum samfélagsins af því að til staðar sé öryggi í greiðslumiðlun. Frumvarpið fæli í sér skýr markmið sem stjórnvöld hefðu á oddinum um að Seðlabankinn hefði skýrar reglusetningarheimildir til auka viðnámsprótt í greiðslumiðlun þ.m.t. þjóðaröryggi.

Þá kom Ásgeir inn á það að Seðlabanki Íslands hefur hafið nánari skoðun á TARGET þjónustum Evrópska seðlabankans. Flestir seðlabankar Norðurlandanna hafa nú þegar tekið skref í þá átt að innleiða einhverja af þeim þjónustum. Seðlabankinn er því að kanna nánar hvað það myndi þýða fyrir bankann og íslenskan markað að nýta þessar þjónustur.

Hlé var gert á fundinum milli kl. 14.15 og vék seðlabankastjóri þá af fundi.

2. Innlend óháð smágreiðslulausn (A2A)

Sigríður Dís fór yfir vinnuna við innlenda óháða smágreiðslulausn og forsögu verkefnisins. Vinnuhópur er nú að störfum undir hatti framtíðarvettvangs og er hann skipaður fulltrúum innlánsstofnana og Seðlabankans.

Sem stendur er unnið út frá tillögu um Request-to-Pay innvið (RTP) þ.e. skilaboðainnvið sem parar saman greiðanda og viðtakanda greiðslu.

Rætt var um hvernig lausnir innviðurinn komi til með að bjóða upp á og kom fram að útfærsla væri enn í vinnslu en innviðurinn ætti að vera opinn fyrir þróun, t.d. hvað það varðar að unnt verði síðar að beita NFC-tækni. Einnig var rætt um auðkenningu og hvar hún gæti komið til með að eiga sér stað. Fram komu sjónarmið um að útfærsla auðkenningar gæti haft verulega þýðingu við útbreiðslu á lausninni.

Unnið er að verkefninu í fimm verkstraumum undir stýrihópi sem stofnaður var af framtíðarvettvangi og fyrirhugað er að kalla eftir tilboðum í þróun innviðar á næstunni.

3. Kostnaður við smágreiðslumiðlun

Gunnar vísaði til skýrslna sem Seðlabankinn gaf út í febrúar sl. og árið á undan. Um nýja ritröð væri að ræða á vegum bankans þar sem reglubundnar úttektir fara nú fram af hans hálfu. Um þessar mundir fer af stað könnun hjá bæði einstaklingum og fyrirtækjum á greiðsluhegðun og notkun greiðslumiðla.

Breki (NS) óskaði eftir að Seðlabankinn kallaði eftir upplýsingum um greiðsluhegðun sem snerti sk. „Buy-Now-Pay-Later“ lausnir og umfang þess hjá einstaklingum. Benti hann á að mögulega væri hægt að senda fyrirspurn þess efnis til Neytendastofu. Sagði hann marga neytendur hafa lent í greiðsluvanda vegna notkunar á slíkum lausnum og væri í mörgum tilvikum um að ræða afar háa hlutfallstölu kostnaðar. Samþykkt var að leita eftir þessum upplýsingum.

4. Vinnuhópur greiðsluráðs: Viðbrögð aðila í verslun og þjónustu við rofi í greiðslumiðlun

Samantekt hópsins hefur verið send fulltrúum greiðsluráðs en lítil tími var eftir af fundinum svo ekki náðist að fara yfir hana.

Ákveðið að Seðlabankinn tæki að sér að gera viðeigandi stjórnvöldum viðvart líkt og vinnuhópurinn hvatti til að yrði gert auk þess sem tiltekin atriði verða skoðuð nánar af hálfu Greiðsluveitunnar og Seðlabankans.

Málið verður tekið aftur fyrir á næsta fundi.

5. Starfsreglur

Ekki náðist að taka starfsreglur fyrir en þær verða sendar fulltrúum með örfáum breytingum og óskað eftir viðbrögðum.

6. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir.
Fundinum lauk kl. 15.00.

Selma Hafliðadóttir ritaði fundargerð.